

**126** stúdentar verði að hafa fengið að minsta kosti aðaleinkunnina 4,3 til þess að  
18. des. þeir geti orðið nefndra styrkveitinga aðnjótandi.

Þetta er yður, herra rektor, með skírskotun til brjefs yðar 4. mars þ. á., hjermeð til vitundar gefið.

**127** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Strandasýslu um flutning þingstaðar.**  
30. des. Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 21. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrófbergshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hrófbergi til Hólmavíkur, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**128**  
5. nóv.

## Reglugerð

fyrir Árnassýslu um grenjaleitir og refaveiðar.

### 1. gr.

Hreppsnefndum er skylt að annast um alt, sem lýtur að eyðingu refa á þeim stöðum, er þær eru skipaðar yfir, hvort heldur er í afrjettum eða heimalöndum. En hreppsnefndir í þeim hreppum, sem næst eru afrjetti, skulu aðstoða hinar, er fjær búa, og segja til ef umbóta þarf með. Þær geta og bannað alla smölun og rekstra í afrjett á þeim tíma, er það kann að geta spilt fyrir refaveiðum.

### 2. gr.

Hreppsnefndum ber í tækan tíma ár hvert, að hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þörf er á. Engin skytta má án gildra ástæðna skorast undan, að takast á hendur að vinna gren innan hrepps. Skylt er skotmanni, eða þeim sem með honum er, að kunna að fara með dýraboga, og er hverjum hreppi skylt að leggja hann til.

### 3. gr.

Skylt er hverjum búanda að leggja mann til grenjaleitar, þá er þörf krefur, gegn þóknun úr hreppssjóði eða fjallskilasjóði. Skotmaður skal ætíð vera með leitarmönnum, og skal þegar leggjast við annan mann við fundið gren.

## 4. gr.

128

5. nív.

Nú finst gren utan leitar, og skal þá sá, er finnur, fara tafarlaust til næsta búanda og hann þegar í stað senda mann til að gæta grensins, uns skotmaður kemur. Finnist óþekt gren, er finnanda skylt að gera glögt merki við það.

## 5. gr.

Gæslumenn grenja, skotmenn og vökumenn, svo og þeir, er grenja leita í afrjettum, skulu fá dagkaup úr fjallskilasjóði eða hrepps sjóði frá því er þeir fara að heiman í grenið eða í leitina, og þar til er þeir koma aftur, en fæða skulu þeir sig sjálfir. Hreppsnefndin semur um kaup í hvert sinn, bæði fyrir skotmann og hest hans, þurfi hann hests við. Auk dagpeninga fær skotmaður úr sýslusjóði sem verðlaun 4 kr. fyrir fyrri dýrið, sem við gren hvert vinst, en 12 kr. fyrir hið síðara, og 1 kr. fyrir hvern yrðling. Verðlaun þessi fær skotmaður því aðeins, að hann sýni hreppsnefndaroddvita skinnin af hinum unnu dýrum, og skal oddviti merkja skinninn og rita um það vottorð á reikning skotmanns til sýslunefndarinnar.

## 6. gr.

Þá er gren finst, má skotmaður eigi frá því fara fyr en eftir 7 dægur samfleytt, nema alunnið sje eða dýrabogi með agni sje eftir skilinn. Nái skotmaður ekki öllum yrðlingum, skal hann eitra kjöt, fugla eða egg og leggja við grenið, og að öðru leyti kosta alls kapps um að drepa þá. Þó skulu allir, sem hjer eiga hlut að máli, vandlega gæta þess, að sýna alla þá mannúð, sem frekast er auðið. Verði skotmaður eða vökumaður uppvís að því, að vanrækja grenjavinslu að einhverju leyti, þá skulu þeir missa kaup fyrir að hafa legið við það gren.

## 7. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal rækilega annast um, að eitrad sje fyrir refi um haust og á vetrum og með eggjum á vorin, bæði í heimalöndum og afrjettum, þar sem refa er von, og að nægar birgðir sjeu til af eitri og æti til að leggja fyrir dýrin. Skal þetta starf falið hinum hæfustu mönnum. Sýslusjóður leggur til refaetrið. Hreppsnefndir skulu tilkynna sýslumanni brjeflega fyrir lok mánaðar ár hvert, hve mikið eitur þarf í hvern hrepp, og annast hann um kaup á því svo tímanlega, að hver hreppur geti vitjað síns skamts á þeim stað, er sýslumaður ákveður, í ágústmánaðarlok.

## 8. gr.

Hver sá, er vinnur tófur, sem ekki eru við gren, skal, á hverjum tíma árs sem er, fá 10 króna verðlaun úr sýslusjóði fyrir hvert dýr. Hver, sem slíkra

**128** verðlauna krefst, skal láta kröfu slnni fylgja vottorð hlutaðeigandi hreppsnefndar-  
5. nív. oddvita um, að hann hafi til verðlaunanna unnið.

## 9. gr.

Hver sá, sem elur yrðlinga eða refi heima hjá sjer og sleppir þeim úr gæslu, skal sæta frá 20—40 kr. sekt fyrir hvern ref, nema hann fái sannað, að refurinn hafi náðst aftur. Sektir renna í fjallskilasjóð eða hreppssjóð.

## 10. gr.

Refaveiðakostnaður í Grímsnes- og Laugardalshreppum skiftist þannig, að Grímsneshreppur greiðir  $\frac{3}{4}$ , en Laugardalshreppur  $\frac{1}{4}$  kostnaðar.

## 11. gr.

Um nýár hvert skulu hreppsnefndir senda sýslunefndinni skýrslu fyrir liðið ár, um tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til eyðingar refum og árangurinn af þeim tilraunum. Ein skýrsla nægir fyrir Flóahreppa alla og Skeið, og skal sá semja hana, sem hlutaðeigandi hreppar fela það.

Refaveiðaskýrslur skulu vera svör við þessum spurningum:

1. Var mikill bitur í afrjetti eða byggð?
2. Var grenja leitað í afrjetti eða byggð?
3. Hve mörg dagsverk gengu til leitar á hvoruin stað?
4. Hve lengi stóð leitin yfir?
5. Hve mörg gren fundust?
6. Hve margir lágu við gren?
7. Hve lengi var legið við gren?
8. Hvernig voru grenin unnin?
9. Hve mörg fullorðin dýr voru unnin?
10. Hve margir yrðlingar voru unnir?
11. Voru refir skotnir?
12. Var notaður dýrabogi og með hverjum árangri?
13. Var eitrað fyrir dýr og með hverjum árangri?
14. Hvert eitur var notað?
15. Hvað var eitrað og hve mikið af hverju?
16. Hvað af þessu hefir þótt best reynast?
17. Ætla menn að refir komi af annara afrjettum, og þá hvaðan?
18. Hver ráð ætla menn, að best sjeu til að utryma dýrbit?

## 12. gr.

Heimilt er sýslunefndinni að skipa þrjá umsjónarmenn með refaveiðum í sýslunni.

## 13. gr.

**128**

5. nóv.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum frá 1—100 kr., sbr. þó 9. gr., og renna sektir í fjallskilasjóð eða hreppssjóð. Með mál útaf brotum skal farið sem almenn lögglumál.

## 14. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numinn XI. kafli (85.—93. gr.) í Fjárskilareglugjörð 5. júlí 1902 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, og I. kafli (1.—12. gr.) í Reglugjörð 6. ágúst 1909, um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð óskilafjenaðar, grenjaleitir og refaveiðar fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

**Í stjórnarráði Íslands, 5. nóvember 1914.**

F. h. r.

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*